

Fyrirspurn

til innviðaráðherra um atvinnuleyfi til leigubifreiðaaksturs.

Frá Eyjólfí Ármannssyni.

- Hefur Samgöngustofa gefið út námskrá fyrir námskeið sem umsækjendur um atvinnuleyfi til leigubifreiðaaksturs þurfa að ljúka, sbr. 4. gr. reglugerðar um leigubifreiðaakstur nr. 324/2023?
- Hvaða kröfur eru gerðar til þeirra sem vilja öðlast atvinnuleyfi til leigubifreiðaaksturs, svo sem um ökufærni, þekkingu á viðeigandi lögum og reglum, samskiptafærni, tungumálakunnáttu, þekkingu á skyndihjálpi o.fl.?
- Hvernig er eftirliti háttáð með þeim sem halda námskeið sem umsækjendur um atvinnuleyfi til leigubifreiðaaksturs þurfa að ljúka og hvaða kröfur þarf að uppfylla til að mega halda slík námskeið?
- Hvernig er eftirliti háttáð með próftöku umsækjenda um atvinnuleyfi til leigubifreiðaaksturs?
- Hvernig ætlar ráðherra að bregðast við rökstuddum grun um svindl við próftöku umsækjenda um atvinnuleyfi til leigubifreiðaaksturs?
- Telur ráðherra koma til greina að ógilda prófin og svipta leigubifreiðastjóra atvinnuleyfi ef í ljós kemur að þeir hafi svindlað við próftöku?

Skriflegt svar óskast.